

Ár 2005, fimmtudaginn 1. september, er dómþing Dómstóls Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) haldið af Halldóri Halldórssyni dómara í dómstól ÍSÍ.

Fyrir er tekið:

Mál nr. 8/2005

Krafa Lyfjaráðs ÍSÍ um að

Ari Gunnarsson

verði dæmdur í keppnisbann.

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

## DÓMUR

### I

Mál þetta er höfðað með kæru Lyfjaráðs ÍSÍ dagsettri og móttækinni af skrifstofu ÍSÍ 17. ágúst sl.

Kærður er Ari Gunnarsson kt. 151183-2719, skráður félagi í Glímufélaginu Ármanni.

#### **Kröfur kæranda.**

Þess er krafist að Dómstóll ÍSÍ dæmi kærða í tveggja ára óhlutgengi til þátttöku í æfingum, keppnum og sýningum á vegum ÍSÍ, sambandsaðila ÍSÍ eða félaga eða deilda innan þeirra. Þá er þess krafist að kærði verði sviptur rétti til að gegna trúnaðarstörfum fyrir ÍSÍ, sambandsaðila þess eða félög eða deildir innan þeirra í tvö ár uppkvaðningu dómsins að telja.

Halldór Halldórsson dómari í Dómstól Íþróttasambands Íslands fékk mál þetta til afgreiðslu 17. ágúst sl.

Eftirtalin skjöl hafa verið lögð fram. Nr. 1 kæra. Nr. 2 bréf Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ til Lyfjaráðs ÍSÍ dags. 15. apríl 2005. Nr. 3. lyfjaeftirlitsblað nr. 1077 varðandi töku sýnis. Nr. 4-6 bréf Karolinska University hospital dags. 3. ágúst 2005 varðandi niðurstöður rannsókna. Nr. 7 útprentun úr gagnagrunni ÍSÍ varðandi Glímufélagið Ármann. Nr. 8 móttökukvittun dags. 9. ágúst sl.

### II

Í kæru er málavöxtum lýst þannig, að kærði var boðaður í lyfjaeftirlit þann 3. júlí 2005 að lokinni Bikarkeppni Sundsambands Íslands. Kærði gekkst undir lyfjaeftirlitið sem framkvæmt var af starfsmönnum Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ og gaf

þvagsýni (A- og B sýni). Sýnið var síðan sent til greiningar á rannsóknarstofu Karolinska sjúkrahússins í Huddinge í Svíþjóð. Við framkvæmd eftirlitsins skýrði kærði frá því að hann hefni neytt efna af bannlista WADA (World anti doping agency) Örvandi efnisins efedrín (Ripped fuel) og vefaukandi steranna testosterons og „Deca” en með því hafi hann sennilega átt við Deca-Durabolin, sem inniheldur vefaukandi sterann nandrolone.

Niðurstaða greiningar á A-sýni bárust Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ 8. ágúst sl. og sýndu þær að í sýnið innihélt 19-norandrosterona, sem er niðurbrotsefni er myndast úr nandrolone við efnaskipti líkamans en 19-norandrosterone er einnig á bannlista WADA. Auk þess reyndist T/E hlutfall (hlutfall testosterons og LH) í sýninu vera 26.6, en svo hátt gildi er nokkuð örugg vísbending um misnotkun testosterons. Þetta var að auki stutt með mjög lágu gildi luteinizing hormone (LH) og háu T/LH hlutfalli (hlutfalli testosterons og LH) í sýninu en hvort tveggja eru sterkar vísbendingar um misnotkun testosterons.

Í gögnum málsins kemur fram að af hálfu Lyfjaráðs ÍSÍ var haft samband við kærða og honum gerð grein fyrir niðurstöðu rannsóknarinnar strax þann 8. ágúst sl. Fram kemur að kærði hafi lýst því að hann hefði átt von á þessari niðurstöðu og óskaði ekki eftir að fram færi greining á B-sýni. Kærði var þá boðaður á skrifstofu ÍSÍ daginn eftir. Þennan sama dag var formanni Sundsambandsins og félagi kærða tilkynnt um niðurstöðu lyfjaprófsins. Þann 9. ágúst tók kærði formlega við niðurstöðum rannsóknarinnar og þá var málið einnig rætt nánar við hann.

Í samræmi við ákvæði greinar 27.5 var kærða gefinn kostur á að skila greinargerð en það gerði hann ekki. Jafnframt var kærði boðaður til þinghalds er málið var þingfest þann 30. ágúst sl. en hann sótti ekki þing og var málið þá þegar tekið til dóms.

### III

Kærandi bendir á að samkvæmt grein 43.2. í lögum ÍSÍ þá gildi bannlisti WADA innan ÍSÍ og eigi þannig við alla skráða félagsmenn í félögum innan sambandsaðila ÍSÍ, sbr. grein 43.3.a. Samkvæmt ákvæðum greinar 44.1 sé lyfjamisnotkun bönnuð og að brot teljist framið ef efni sem er bannað samkvæmt lista WADA, finnst í líkama eða líkamsvökvum íþróttamanns við lyfjaeftirlit, grein 44.1.a. Kærandi telur, með vísan til málsatvika og framlagðra gagna, sannað að kærði hafi gerst sekur um lyfjamisnotkun. Kærandi bendir á að þegar T/E hlutfall í sýni frá lyfjaeftirliti er hærra en 4 sé skylt að framkvæma frekari rannsóknir til að ganga úr

skugga um hvort svo hátt hlutfall T/E stafi af misnotkun testosterons eða sjúklegu ástandi eða líffræðilegum sérkennum íþróttamanns. Í þessu tilfalli hafi frekari rannsókn ekki farið fram þar sem kærði hafi gengist við notkun testosterons.

Hvað refsingu varðar vísar kærandi til 45.4. gr. í nefndum lögum ÍSÍ. Kærandi vísar til þess að samkvæmt nefndri grein 45.4 skuli refsing fyrir fyrsta brot á grein 44.1.a vera tveggja ára óhlutgengi til þátttöku í æfingum, keppni og sýningum innan íþróttahreyfingarinnar

Auk þess að kærði verði dæmdur í keppnisbann krefst kærandi þess að kærði verði jafnframt útilokaður frá því að gegna trúnaðarstörfum innan íþróttahreyfingarinnar á sama tíma og hann er í keppnisbanni.

#### IV

Þess er áður getið að kærði hefur ekki látið málið til sín taka. Verður málið því dæmt með hliðsjón af þeim gögnum sem kærandi hefur lagt fram og út frá því gengið að kærði hafi ekkert við málalíbúnað kæranda að athuga og viðurkenni þannig í raun brot sitt.

Af gögnum málsins verður ráðið að kærði neytti þeirra efna sem fundust í sýni er hann gaf við lyfjæftirlit og áður hafa verið nefnd og eru á bannlista WADA. Er því ótvírætt að kærði hefur gerst sekur um brot á grein 44.1.a í lögum ÍSÍ. Samkvæmt ákvæðum greinar 45.4. nefndra laga ÍSÍ skal refsing fyrir fyrsta brot á grein 44.1.a vera tveggja ára óhlutgengi til þátttöku í æfingum, keppni og sýningum sem fram fara á vegum ÍSÍ, sambandsaðila þess eða félaga eða deilda innan þeirra. Kærði hefur ekki áður verið fundinn sekur um misnotkun lyfja. Samkvæmt framanrituðu ber að fallast á kröfu kæranda um tveggja ára keppnisbann. Bannið gildir frá og með deginum í dag að telja. Rétt þykir að taka kröfu kæranda þess efnis að kærði verið einnig útilokaður frá því að gegna trúnaðarstörfum fyrir íþróttahreyfinguna á sama tíma og hann er í keppnisbanni fyrir misnotkun lyfja til greina.

Fallast verður á með kæranda að óþarft hafi verið að framkvæma frekari rannsóknir til að útiloka að hátt hlutfall T/E stafaði af sjúkdómum eða líffræðilegum sérkennum kærða.

Halldór Halldórsson dómari í dómstól ÍSÍ kveður upp dóm þennan.

Skrifstofa ÍSÍ mun annast birtingu dómsins fyrir kærða og tilkynna Sundsambandi Íslands og Glímufélaginu Ármanni um niðurstöðu dómsins.

**DÓMSORÐ**

Kærði, Ari Gunnarsson, kt. 151183-2719, er óhlutgengur til þátttöku í æfingum, keppnum og sýningum á vegum ÍSÍ, sambandsaðila ÍSÍ eða félaga eða deilda inna þeirra í tvö ár frá og með 1. september 2005..

Kærði er útilokaður frá trúnaðarstörfum fyrir ÍSÍ, sambandsaðila ÍSÍ eða félaga eða deilda inna þeirra í tvö ár frá og með 1.september 2005.

Halldór Halldórsson